

Til formanna stéttarfélaganna FÍH og FT, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Garðabæjar

Frá kennurum Tónlistarskóla Garðabæjar

Garðabær 31. janúar 2023

Efni: ályktun um vinnutímastyttingu

Á kennarafundi miðvikudaginn 11. janúar sl. var lögð fram ný tillaga um vinnutímastyttingu frá innleiðingarhópi TG. Lagt var til að þrír dagar yrðu teknir af kennslu og tveir af endurmenntun, undirbúningi og frágangi. Sömu verkefni og lögð voru fram í fyrri tillögu um vinnutímastyttingu frá kennurum TG myndi fylgja þessari tillögu. Eftirfarandi dagar yrðu teknir af kennslu:

- 1) 22. febrúar miðvikudagur – Öskudagur, skertur dagur í grunnskólum GB
- 2) 11. apríl þriðjudagur eftir páska
- 3) 19. maí föstudagur sem er starfsdagur í grunnskólum GB.
- 4) Það sem upp á vantar yrði tekið af endurmenntun, undirbúningi og frágangi.

Tillagan var borin undir fundinn og allir nema þrír höfnuðu henni. Í kjölfarið fór fram mikil umræða og m.a. rætt um að Tónlistarskóli Garðabæjar geri ályktun um að vinnutímastytting sé óframkvæmanleg og yrði hún þá send til beggja stéttarfélaganna, sambandsins og Garðabæjar.

Þar sem nokkuð marga kennara TG vantaði á fundinn vegna kennslu var fundargerð frá fundinum og tillögurnar sendar til allra og þeir kennarar sem ekki voru á fundinum beðnir að taka afstöðu til þeirra. Kennarar TG höfnuðu tillögu vinnutímastyttingarhóps TG með miklum meirihluta.

Ályktun

Kennarar Tónlistarskóla Garðabæjar (TG) sjá ekki að vinnutímastytting sé framkvæmanleg m.v. forsendur Garðabæjar og í raun ekki m.v. þær forsendur sem fram koma í kjarasamningum þ.e. sú vinnutilfærsla sem þarf að fara fram til að eiga möguleika á vinnutímastyttingu og skólinn hefur áður ályktað um. Við bendum á að öll sveitarfélög landsins nema þrjú hafa samþykkt tillögur kennara um vinnutímastyttingu, tillögur sem oft eru efnislega samhljóða upphaflegum tillögum innleiðingarhóps kennara TG. Eftir að tillögu okkar um vinnutímastyttingu var hafnað af Garðabæ var málinu vísað til innleiðingarhóps samningsaðila, en ekkert hefur þókast í átt að niðurstöðu í málinu.

Það er krafa kennara TG að útfæra þurfi ákvæði um vinnutímastyttingu mun betur í kjarasamningum þannig að enginn vafi geti leikið á framkvæmdinni og að allir samningsaðilar séu sammála um túlkunina.

Kennarar TG harma að þessi staða sé komin upp og óska eftir að segja sig frá vinnutímastyttingunni að óbreyttu og að hún verði tekin út úr vinnustund.